



Erfiðir tímar fram undan á vinnumarkaði – en kaupmáttur heldur enn við

Lítill hækkun launavísitölu

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hækkaði launavísitalan einungis um 0,14% milli janúar og febrúar. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 4,8%, sem er álíka ársbreyting og var í síðasta mánuði. Árshækkunartaktur launavísitölnunnar var rúmlega 4% allan seinni hluta ársins 2019, en var u.þ.b. 6% í upphafi ársins 2019.

Taka ber fram að launavísitalan hefur verið lægri en ella síðustu mánuði þar sem mjög litlar launahækkningar höfðu orðið á opinbera markaðnum, en lengi vel gekk illa að ná kjarasamningum þar. Nýgerðir kjarasamningar BSRB-félaganna ættu að hafa merkjanleg áhrif á launavísitöluna á næstu mánuðum.

Kaupmáttur enn vaxandi

Þrátt fyrir mun minni launabreytingar en á síðustu árum er kaupmáttur enn að aukast miðað við fyrra ár þó hann hafi minnkað eilítið í febrúar. Kaupmáttur launa var þannig 2,4% meiri nú í febrúar en í febrúar í fyrra. Það er reyndar athyglisverð staða að kaupmáttur sé enn að aukast þegar hallað hefur undan fæti í efnahagslífinu. Um næstu mánaðamót verður áfangahækkun í mörgum kjarasamningum þannig að þess má vænta að kaupmáttur aukist aftur, en þegar líður á árið má búast við því að mjög erfitt ástand á vinnumarkaðnum fari að sjást á kaupmáttartölum.

Mjög mismunandi breytingar á mörkuðum


Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópunum á vinnumarkaðnum frá 4. ársfjórðungi 2018 til sama tíma 2019 sést að launin á almenna markaðnum hækkuðu um 4,9% á þessum tíma á meðan þau hækkuðu um 2,3% á þeim opinbera. Mæld launavísitala hækkaði um 4,3% á sama tíma.

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun hópa á vinnumarkaði á 4. ársfjórðungi 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Laun meðal starfsstétta

Líkt og verið hefur hafa laun tækna og sérmenntaðs fólks annars vegar og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks hins vegar hækkað mest milli ára, um 6,5% og 5,5%. Laun sérfræðinga hafa hins vegar hækkað minnst, um 3,4% og næst minnst hafa laun stjórnenda hækkað, um 3,9%. Þetta er sama mynstur og verið hefur undanfarið.

Laun í atvinnugreinum

Sé litið til atvinnugreina hafa laun í verslun og viðgerðum hækkað mest milli ára, um 5%, og þar á eftir í framleiðslu, um 5,1%. Laun í veitustarfsemi og fjármálaþjónustu hækkuðu minnst á milli 4. ársfjórðunga 2018 og 2019.

Heildarlaun hækka minna en launavísitala

Frá 4. ársfjórðungi 2018 til sama tíma 2019 hækkuðu heildarlaun í landinu um 3,9% á sama tíma og launavísitala hækkaði um 4,3%. Tölurnar benda til þess að vinnutími hafi styst og/eða að ýmsar aukagreiðslur hafi minnkað. Launavísitalan mælir laun á vinnustund í dagvinnu en vísitala heildarlauna öll laun fyrir alla vinnu.

Þróun heildarlauna hefur verið mismunandi fyrir hina ýmsu hópa á vinnumarkaði. Þannig hafa heildarlaunin hækkað mest hjá rafmagns-, gas- og hitaveitum, eða um 7,6%. Vel kann að vera að óveðrin í lok síðasta árs hafi áhrif í því sambandi. Næst mest hafa heildarlaun hækkað í fasteignaviðskiptum. Það er athyglisvert að heildarlaun allra á almenna vinnumarkaðnum hafa hækkað algerlega í takt við launavísitöluna.


Minnt hafa heildarlaunin hækkað í fjármála- og váttryggingarstarfsemi, um 0,3%, og í sérfræði-, vísinda- og tæknilegri starfsemi, um 1,7%. Þá hafa heildarlaun á opinbera markaðnum hækkað minna en á þeim almenna á þessu tímabili.

Heildarlaun hafa gefið eftir á almenna markaðnum


Sé litið yfir lengra tímabil kemur í ljós að heildarlaun hafa hlutfallslega gefið eftir á almenna markaðnum miðað við hinn opinbera.

Þannig hækkuðu heildarlaun á almenna markaðnum um 38% frá 4. ársfjórðungi 2014 fram til sama tíma 2019 á meðan launavísitalan fyrir sama hóp hækkaði um 42%. Á opinbera markaðnum

Launþróun eftir starfsstéttum - breyting á 4. ársfj. 2019



Launþróun eftir atvinnugreinum - breyting á 4. ársfj. 2019



Breyting heildarlauna frá 4. ársfj. '18 til 4. ársfj. '19






hækkuðu heildarlaunin um 41% og launavísitalan um 40%. Það virðist því sem hlutfallslega hafi dregið meira úr aukagreiðslum ofan á venjuleg dagvinnulaun á almenna markaðnum.

Erfðir tímar framundan

Eins og áður segir er von á áfangahækkunum vegna kjarasamninga um næstu mánaðamót og mun það hafa áhrif á bæði launavísitölu og kaupmátt til hækkunar. Að öðru leyti eru mjög erfiðir tímar framundan á næstu mánuðum. Ljóst er að mikið verður um uppsagnir í lok þessa mánaðar og mun sú þróun vafalaust halda eitthvað áfram. Þá er einnig töluvert um að fólk taki á sig launalækkanir eða skert starfshlutfall í þeirri von að erfiðleikatímabilið verði ekki langvinnnt.

Það má því reikna með að löngu tímabili vaxandi kaupmáttar hér á landi fari að ljúka. Árið í fyrra var níunda árið í röð sem kaupmáttur launa jókst frá fyrra ári. Kaupmáttur dróst saman árin 2008-2010 en hafði aukist á hverju ári í 13 ár þar á undan.

Þróun launavísitölu og heildarlauna frá 4. ársfj. 2014 til 4. ársfj. 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.